


**Seiðabúskapur og stangaveiði í  
Álftá á Mýrum árið 2001**

**Sigurður Már Einarsson  
Björn Theódórsson**

**Veiðimálastofnun Borgarnesi VMST-V/0206**

**Unnið fyrir Veiðifélag Álftár**



**VEIÐIMÁLASTOFNUN**

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

# Efnisyfirlit

	Bls.
Inngangur	1
Framkvæmd	1
Niðurstöður	3
Stangaveiðin	3
Seiðabúskapur	4
Umræður	8
Heimildaskrá	8
<b>Töflur:</b>	
Tafla 1. Veiði á laxi og urriða eftir vikum 2001.	3
Tafla 2. Skipting laxa eftir sjávaraldri og kynjum.	3
Tafla 3. Vísitala seiðapétteleika laxfiskaseiða í Álfhá á Mýrum 2001.	5
Tafla 4. Vísitala seiðapétteleika í Álfhá 1986-2001.	5
Tafla 5. Vöxtur laxaseiða eftir veiðistöðum í Álfhá 26.09.2001.	5
<b>Myndir:</b>	
Mynd 1. Kort af vatnasvæði Álfhá. Rafveiðistaðir eru sýndir með númerum.	2
Mynd 2. Stangaveiði á laxi og urriða í Álfhá 1874-2001.	4
Mynd 3a. Lengdar – og aldursdreifing laxaseiða á stöðvum 1-3 í Álfhá.	6
Mynd 3b. Lengdar-og aldursdreifing laxaseiða á stöðvum 4-6 í Álfhá.	7

## Inngangur

Í þessari skýrslu verður greint frá fiskirannsóknnum í Álftá á Mýrum sem fram fóru í lok september haustið 2001. Tilgangur rannsókna er að vakta vatnakerfið með tilliti til útbreiðslu tegunda, seiðabúskapar og þróunar í veiði. Fylgst hefur verið með seiðabúskap á vatnasvæðinu á nokkurra ára fresti frá árinu 1986 (Sigurður Már Einarsson 1987, 1988, 1989, 1997 og 1999) og hafa þær rannsóknir leitt í ljós að lax er ríkjandi tegund á vatnasvæðinu en einnig er töluvert um sjóbirting en bleikja er sjaldgæf. Veiðar á urriða (sjóbirting) hafa vaxið verulega hin síðari og virðist stofnstærð urriða þannig fara vaxandi.

Álftá er sambland af lindá og dragá og hefur góð frjósemiskilyrði fyrir fisk. Búsvæði er víða góð og einnig er nýting þeirra til fiskframleiðslu góð en um 30 km af búsvæðum eru fiskgeng á vatnasvæðinu.

Staðháttum við Álftá hefur áður verið lýst og er vísað til þess (Sigurður Már Einarsson 1999).

## Framkvæmd

Seiðabúskapur var kannaður með rafveiðum þann 26. september 2001 og var veitt á 6 stöðum á vatnasvæði árinna (mynd 1). Í seiðaathugunum er jafnan leitast við að veiða sömu staði á sama árstíma til að samanburður verði sem raunhæfastur á milli ára. Ein umferð var veidd á hverjum stað, allur afli greindur til tegunda, lengdarmældur og hluti þyngdarmældur. Auk þess voru kvarnir og hreistur tekin af nokkrum seiðum á hverri stöð til aldursgreininga. Seiðamagn var umreiknað á 100 m<sup>2</sup> botnflatarmál en með því fæst eins konar vísitölumæling á þéttleikann. Þá var vöxtur seiða kannaður með því að reikna meðallengdir seiða eftir aldri, stöðvum og fyrir ána í heild.

Stangaveiðin var skráð í veiðibækur þar sem veiðistaður, lengd (cm), þyngd (kg), kyn, veiðidagur og agn er skráð fyrir einstaka fiska. Tölfræði um veiðina var unnin af starfsfólki Veiðimálastofnunar.



1. mynd. Kort af vatnasvæði Álfár. Rafveiðistaðir eru merktir með númerum.

## Niðurstöður

### Stangaveiðin

Árið 2001 veiddust alls 187 laxar og 338 urriðar, en engin bleikja var skráð í veiðibók. Laxveiðin sumarið 2001 náði hámarki 15-21 júlí (tafla 1) en þá veiddust 42 fiskar (22,5%). Miklir þurrkar sumarið 2001 ollu vatnsleysi sem kom án efa niður á veiðiskilyrðum. Urriðaveiðin varð mest 9 – 15. september en þá veiddust 114 fiskar (33,7%). Stærstur hluti urriðaveiðinnar var í september enda er haustið aðalgöngutími sjóbirtings.

Tafla 1. Veiði á laxi og urriða eftir vikum árið 2001.

Tímabil	Vika nr	Lax		Urriði	
		Fjöldi	%	Fjöldi	%
24/6-30/6	13	5	2,7	6	1,8
1/7-7/7	14	6	3,2	7	2,1
8/7-14/7	15	20	10,7	10	3,0
15/7-21/7	16	42	22,5	23	6,8
22/7-28/7	17	11	5,9	10	3,0
29/7-4/8	18	18	9,6	11	3,3
5/8-11/8	19	15	8,0	7	2,1
12/8-18/8	20	7	3,7	8	2,4
19/8-25/8	21	13	7,0	34	10,1
26/8-1/9	22	9	4,8	8	2,4
2/9-8/9	23	7	3,7	37	10,9
9/9-15/9	24	14	7,5	114	33,7
16/9-22/9	25	19	10,2	51	15,1
23/9-29/9	26	1	0,5	12	3,6
Samtals		187	100,0	338	100,0

Laxar sem dvalið höfðu eitt ár í sjó (smálaxar) voru uppistaðan í veiðinni og veiddust 148 slíkir (tafla 2) sem reyndist 79,1 % af veiðinni. Laxar sem snéru heim eftir tveggja ára sjávardvöl (stórlaxar) urðu alls 39 eða 20,9 % af laxveiðinni. Meðalþungi ársfiska úr sjó var 2,5 kg en tveggja ára fiska 4,8 kg (tafla 2).


Tafla 2. Skipting laxa eftir sjávaraldri og kynjum í Álfhá árið 2001.

Ár í sjó	Hængar			Hrygnur			Samtals	
	Fjöldi	Meðalþ	%	Fjöldi	Meðalþ	%	Fjöldi	Meðalþ
1	68	2,7	45,9	80	2,5	54,1	148	2,5
2	22	4,7	56,4	17	4,9	43,6	39	4,8
Samtals	90	3,2		97	2,9		187	3,0

Árið 2001 reyndist þegar upp var staðið lélegt veiðiár í Álfhá (mynd 2). Meðalveiði tímabilsins 1974 til 2000 er 286 laxar (Guðni Guðbergsson 2001) og varð veiðin því

34,6% undir meðalveiði tímabilsins og reyndist með slökustu veiðiárum sem komið hafa á þessu tímabili. Veiðin batnaði þó nokkuð frá árinu 2000 en þá veiddust einungis 132 laxar.

Stangaveiði á urriða varð hins vegar góð og frá árinu 1987 hefur veiði á urriða í Álftá farið mjög vaxandi og síðastliðin 4 ár hefur urriðaveiðin verið mun meiri en laxveiðin (mynd 2).



Mynd 2. Stangaveiði á laxi í Álftá árin 1974 til 2001. Veiðar á urriða eru sýndar frá 1987.

### Seiðabúskapur

Í seiðarannsóknunum haustið 2001 reyndust laxaseiði vera ríkjandi tegund nema á stöð 6 (Litlilækur) þar sem urriði hafði vinninginn. Magn laxaseiða var að meðaltali 20,8 seiði/100 m<sup>2</sup> og voru seiðin á aldrinum frá vorgömlum (0+) til seiða á fjórða ári (3+). Seiðamagn var mest á stöð 4 (Brúarland), en hlutfallslega minnst veiddist á stöð 1 (Álftá við Álftárbæinn) og á stöð 6 (Litlilækur). Fjöldi seiða á fyrsta ári (0+) var að meðaltali 4,8/100 m<sup>2</sup> og var mesta magn þeirra á stöð 4 (tafla 3). Seiði á öðru ári voru að meðaltali 7,2/100 m<sup>2</sup> og var mesta magn þeirra neðan við Brúarland (stöð 4). Seiði á þriðja ári (2+) voru að meðaltali 6,7/100 m<sup>2</sup> og veiddust flest neðan við Verpi (stöð 5). Seiði á fjórða ári (3+) voru 2,1/100 m<sup>2</sup> og var mestur fjöldi þeirra í Veitu (stöð 2).

Tafla 3. Vísitala seiðapéttleika laxfiskaseiða í Álftá á Mýrum 26. september 2001.

Stöð	Svæði m <sup>2</sup>	Lax (fjöldi í einni umferð á 100 m <sup>2</sup> )						Urr.	Bleikja
		0+	1+	2+	3+	4+	Alls		
1	429	0,2	5,4	1,2	1,4	0	8,2	4,4	0
2	170	0,0	5,9	7,1	8,8	0	21,8	17,6	0
3	276	6,5	5,1	4,0	2,5	0	18,1	2,2	0
4	245	19,6	13,9	16,3	0,0	0	49,8	23,7	0
5	300	3,0	13,0	16,7	3,0	0	35,7	8,0	0
6	363	2,5	2,5	0,3	0,0	0	5,2	13,8	0
Allar	1783	4,8	7,2	6,7	2,1	0	20,8	10,5	0

Heildarmagn laxaseiða var mun minna en í mælingum 1996 og 1999 (tafla 4) en reyndist áþekkt og í mælingunum árin 1986 til 1988 (tafla 4). Hins vegar reyndist magn 2+ og 3+ seiða vera meira en mældist árin 1996 og 1999, en þessir aldurshópar munu vera uppistaðan í seiðaútgöngunni vorið 2002. Minnkun seiðamagnsins miðað við fyrri mælingar á því við yngri aldurshópanna í ánni.




Magn urriðaseiða reyndist 10,5 seiði á hverja 100 m<sup>2</sup> (tafla 3). Urriðaseiðin fundust á öllum veiðistöðum en mesta magn þeirra fannst neðan við Brúarland (stöð 4). Magn urriðaseiða var það mesta sem mælst hefur á vatnasvæðinu (tafla 4).

Tafla 4. Vísitala seiðapéttleika (fjöldi í einni umferð á 100 m<sup>2</sup>) í Álftá 1986 – 2001.  
\* = þéttleiki undir 0,1

Ár	Fj. stöðva	Lax						Urr.	Bl.
		0+	1+	2+	3+	4+	Alls		
1986	13	2,7	7,9	6,0	0,2		16,8	0,9	*
1987	8	3,1	6,9	6,3	9,9		26,2	2,2	0,3
1988	7	6,8	9,0	4,0	2,9		22,7	2,5	0,1
1996	7	25,6	23,5	2,2	1,7	0,1	53,1	7,1	0,2
1999	6	13,7	12,8	4,5	1,8	0,1	32,9	5,9	0,2
2001	6	4,8	7,2	6,7	2,1	0,0	20,8	10,5	0,0


Tafla 5. Vöxtur laxaseiða eftir veiðistöðum í Álftá á Mýrum 26. september 2001.

Stöð	0+		1+		2+		3+	
	ml	n	ml	n	ml	n	ml	n
1	4,1	1	5,1	23	7,8	5	11,0	6
2			6,4	10	8,0	12	9,4	15
3	4,2	18	6,5	14	8,3	11	9,1	7
4	3,8	48	6,3	34	8,9	40		
5	4,2	9	6,1	39	7,8	50	9,6	9
6	4,4	9	7,7	9	9,2	1		
Allar	4,0	85	6,1	129	8,2	119	9,6	37



Mynd 3a. Lengdar og aldersdreifing laxaseiða á stöðvum 1 - 3 Álftá 26. september 2001.





Mynd 3b. Lengdar og aldursdreifing laxaseiða á stöðvum 4 - 6 í Álftá 26. september 2001.

Meðallengdir laxaseiða á fyrsta ári var 4,0 sm, 6,1 cm á öðru ári, 8,2 cm á þriðja ári og 9,6 á fjórða ári (tafla 5). Lengdardreifing og aldur laxaseiða í Álftá eftir veiðistöðum kemur fram á mynd 3. Vöxtur laxaseiða er svipaður innan vatnasvæðisins, en batnar yfirleitt nokkuð er neðar dregur á vatnasvæðið.

## Umræður

Laxveiðar í Álftá voru slakar árið 2001 og árin 2000 og 2001 eru með slakari veiðiarum sem komið hafa um árabil í ánni. Laxveiði hefur almennt verið rýr á landinu þessi ár og á Vesturlandi var stangaveiði á laxi um 20% undir meðaltali árána 1986 til 2001 (Sigurður Már Einarsson 2001). Laxgengd og laxveiðar hafa almennt dregist saman á útbreiðslusvæði Atlantshafslaxins bæði á smálaxi og stórlaxi frá því í byrjun áttunda áratugarins. Þannig hafa veiðar á smálaxi dregist saman um 46% og á stórlaxi um 65% á þessu tímabili. Á Íslandi hefur orðið vart við mikla fækkun stórlaxa og byrjaða sú þróun um 1982, en ekki hefur orðið vart við fækkun á smálaxi eins og gerst hefur víðast annars staðar (Þórólfur Antonsson o.fl. 2002). Líklegast er að skýringa sé einkum að leita í sjávarðvöl laxins.

Í Álftá virðist framleiðsla búsvæða á laxaseiðum vera viðunandi þótt nokkrar breytingar verði jafnan á milli ára. Einkum vekur þó athygli veruleg aukning í magni urriðaseiða og fylgir þessi þróun í kjölfar mikillar veiðiaukningar á sjóbirting í Álftá síðustu árin sem líklega bendir til aukinnar stofnstærðar. Nokkur samkeppni er á milli laxaseiða og urriðaseiða um búsvæði ána. Urriði finnast gjarnan við minni straum og á meira dýpi en laxaseiði sem hafa yfirburði við meiri straumhraða. Þannig skipta þessar tegundir búsvæðum innan vatnasvæða einkum á grundvelli straums og vatnsdýpis. Einnig má búast við að afrán á laxaseiðum aukist með aukinni stofnstærð urriða. Því er ástæða til að fylgjast náið með stofnstærð urriðans í ánni.

## Heimildaskrá

Guðni Guðbergsson 2001. Lax – og silungsveiðin 2000. Veiðimálastofnun Reykjavík. VMST-R/0105. 24 bls.

Sigurður Már Einarsson 1987. Álftá á Mýrum 1986. Veiðimálastofnun. Borgarnesi. Skýrsla. VMST-V/87004. 10 bls.

Sigurður Már Einarsson 1988. Rannsóknir á vatnasvæði Álftár 1987. Veiðimálastofnun Borgarnesi. Skýrsla. VMST-V/88016X. 6 bls.

Sigurður Már Einarsson 1989. Vatnakerfi Álftár. Fiskirannsóknir 1988. Veiðimálastofnun. Borgarnesi. Skýrsla. VMST-V/89003X. 6 bls.

Sigurður Már Einarsson 1997. Rannsóknir í Álftá 1996. Veiðimálastofnun Borgarnesi. Skýrsla. VMST-V/97002X. 7 bls.

Sigurður Már Einarsson 2001. Laxveiðin á Vesturlandi 2001. Skessuhornið 20. des.

Þórólfur Antonsson, Sigurður Már Einarsson og Guðni Guðbergsson 2002. Veiðiálag, stærð hrygningarstofns og nýliðun í litlum ám. Veiðimálastofnun Reykjavík. VMST-R/0204. 31 bls.